

Námsflokkar Reykjavíkur

BREIÐHYLTINGAR - Innritun

fer fram fimmtudaginn 29. sept í Fellahelli kl. 14-15.30 og Breiðholtsskóla kl. 19.30-21.

KENNSLUGREINAR Í BREIÐHOLTSSKÓLA:

Enska 1. fl. mánud. kl. 19.30-20.50
 Enska 2. fl. mánud. kl. 21.00-22.20
 Enska 3. f. fimmtud. kl. 19.30-20.50
 Enska 4. fl. fimmtud. kl. 21.00-22.20

Pýska 1. fl. mánud. kl. 19.30-20.50
 Pýska 2. fl. mánud. kl. 21.00-22.20
 Pýska 3. fl. fimmtud. kl. 19.30-20.50

Spænska 1. fl. fimmtud. kl. 21.00-22.20

Saumar mánud kl. 19.30-22.20
 Saumar fimmtud. kl. 19.30-22.20

KENNSLUGREINAR Í FELLAHELLI:

Enska 1. fl. mánud kl. 13.15-14.35
 Enska 2. fl. mánud. kl. 14.40-16.00
 Enska 3. fl. fimmtud. kl. 13.15-14.35
 Enska 4. fl. fimmtud. kl. 14.40-16.00

Leikfimi mánud. og fimmtud. kl. 13.15-14.05 og 14.15-15.05

NÁMSFLOKKAR REYKJAVÍKUR



Borgarstarfsmenn

Almennur félagsfundur um samningsréttarmál verður haldinn að Hótel Sögu í kvöld fimmtudaginn 29. september kl. 20. Félagsmenn fjölmennið.

Stjórn
Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Útboð

Tilboð óskast í byggingu undirstaða og kjallara fyrri byggingu Fjölbrautaskóla Suðurlands við Tryggvagötu á Selfossi.

Útboðsgögn verða afhent á Verkfræðistofu Suðurlands hf. Heimahaga 11, Selfossi og Fjölhönnunar hf. Grensásvegi 8, Reykjavík frá föstudeginum 30. september 1983, gegn 3000 kr. skilatryggingu.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Fjölbrautaskóla Suðurlands, Austurvegi 10 Selfossi, fyrir kl. 16.00 6. október 1983, og verða opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Skólanefnd
Fjölbrautaskóla Suðurlands

Útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður og afa

Hans Guðnasonar
 Rauðalæk 45
 fyrrum bónda að Hjalla í Kjós

fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 30. september kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningagjafasjóð Landspítalans.

Unnur Hermannsdóttir Guðrún Hansdóttir
 Ragnheiður Hansdóttir Bernharð Haraldsson
 Hermann Hansson Heiðrún Þorsteinsdóttir
 Guðni Hansson Högni Hansson
 Sigurður Örn Hansson Helga Finnsdóttir
 Selga Hansdóttir Árni Björn Finnsón
 Erlingur Hansson Auður Ingvarsdóttir
 Vigdís Hansdóttir Róbert Arni Hreiðarsson
 og barnabörn

„Þetta var okkar lukkudagur“

KR skoraði ekki í 18 mínútur og tapaði fyrir Haukum

„Þetta var okkar lukkudagur. Það hlaut að koma að því að við færum í gang“, sagði Þórir „Burkni“ Gíslason, stórskyttu úr Haukum eftir 15-14 sigur á KR í 1. deildinni í handknattleik í gærkvöldi. Óvæntur en sanngjarn sigur nýliðanna í Hafnarfirði og þeir eru til alls líklegir í vetur.

KR hafði öll völd í byrjun og komst í 4-0. Haukar komust ekki á blað fyrr en eftir 10 mínútur en KR hélt 2-4 marka forystu út hálfleikinn og leiddi 10-6 í hléi. KR-ingar léku þarna ágætlega, Ólafur Lárusson átti stórleik og Jens Einarsson varði grimmt bak við sterka vörn. Hjá Haukum mistókst flest og línuspilið gekk aldrei upp.

Þórir kom inná hjá Haukum í byrjun síðari hálfleiks og gjör-

breytti gangi leiksins. Nú voru tvær skyttur ógnandi hjá Haukunum, hann og Hörður Sigmarsson, og KR-vörnin riðlaðist gersamlega. Vesturbjarliðið skoraði ekki mark í heilar 18 mínútur, ótrúlegt en satt, og á meðan gerðu Haukar sex stykki. Komust í 12-10 og leikurinn hafði gersamlega snúist við.

Haukar héldu forystunni en litlu munaði. Mínútu fyrir leikslok, staðan 15-14, fengu þeir vítakast, Jens varði frá Þóri og KR brunaði upp. Haukar náðu boltanum að nýju og létu hann ekki af hendi fyrr en tveimur sekúndum fyrir leikslok. Sigurinn var þeirra.

KR-liðið var reglulega ósannfærandi í þessum leik og verður að gera margfalt betur til að komast í 4-liða úrslitin. Allur máttur var úr liðinu í síðari hálfleik,

Ólafur var tekinn úr umferð, vörn og markvarsla dattu niður og KR skoraði aðeins fjögur mörk í hálfleiknum. Ekki átti af þeirra nýja leikmanni, Jakobi Jónssyni, að ganga. Skurðurinn sem hann hlaut í síðasta leik á augabrún opnaðist að nýju og öðru sinni var hann fluttur á sjúkrahús.

Aðeins frammistaða Ólafs og Jens í fyrri hálfleik verðskuldar lof til handa KR-ingum en hjá Haukum stóðu Þórir og Hörður uppúr. Pétur Guðmundsson átti einnig ágætis leik.

Mörk Hauka: Hörður 4 (1 víti), Þórir 4 (1), Pétur 3, Ingimar Haraldsson 2, Jón Hauksson og Sigur-geir Marteinnsson 1 hvor.

Mörk KR: Ólafur 5, Guðmundur Albertsson 3, Björn Pétursson 2 (2), Jakob 2, Friðrik Þorbjörnsson 1 og Willum Þórsson eitt.

-lg/VS

Jafnræði lengi vel með Jena og ÍBV

„Það er gaman að vera Íslendingur, og ekki síst Vestmannaeyingur, eftir ágætis frammistöðu ÍBV hér í Jena. Lengi vel mátti vart á milli sjá hvort liðið var sterkara, leikurinn var í fullu jafnvægi fram í síðari hálfleik, en snemma í honum skoraði Jena þrjú mörk á átta mínútur og gerði út um leikinn“, sagði Áki Heinz Haraldsson, einn fararstjóra ÍBV í samtali við Þjóðviljann í gærkvöldi.

Eyjamenn léku síðari leik sinn við Carl Zeiss Jena í UEFA-bikarnum í knattspyrnu í Jena. Austur-Þjóðverjarnir sigruðu 3-0 en fyrri leiknum, í Kópavogi, lauk með markalausum jafntefli.

Fyrri hálfleikur var svipaður leiknum í Kópavogi, fátt um marktækifæri og lítill munur á liðunum. Eftir hlé var sem nýtt lið Jena væri á vellinum, og mörkin þrjú komu með stuttu millibili. Billeau skoraði tvö þeirra og Trocha eitt og komu þau öll eftir yfirvegaðan og góðan undirbúning. Eyjamenn náðu aldrei að skapa sér verulega hættuleg færi, nokkur skot fyrir utan og þvaga nokkrum sinnum í teig Jena. Þeir léku vel útfra vörninni en nálægt vítateig A.-Þjóðverja rann yfirleitt allt úti sandinn.

Liðsheildin var góð hjá ÍBV. Hlynur Stefánsson átti skemmtilega spretti og Viðar Elíasson var afar traustur í vörninni. Páll Pálmason stóð sig virkilega vel í markinu og að öðru leyti var jafnræði með leikmönnum liðsins. Eyjamenn héldu haus allan tímann og fengu mikið hrós hjá 8-9000m áhorfendum í Jena sem stundum bauluðu á eigin menn.

- VS.

Lendl með forystuna

Ivan Lendl frá Tékkoslovakíu hefur örugga forystu í Grand-Prix, stigakeppninni í tennis. Hann hefur nú 214 stiga forskot á Jimmy Connors frá Bandaríkjunum og 298 stiga forskot á Sviann unga, Mats Wilander. John McEnroe frá Bandaríkjunum er fjórði.

Úrslit leikja í Evrópumótunum í knattspyrnu - 1. umferð síðari leikir:

Evrópukeppni meistara-liða:

	samt.
Vikingur-Raba ETO Györ (Ungverjalandi).....	0-2 (1-4)
Gautaborg (Svíþjóð)-AS Roma (Italiu).....	2-1 (2-4)
Liverpool (Englandi)-OB Odense (Danmörku).....	5-0 (6-0)
Standard Liege (Belgiu)-Athlone Town (Írlandi).....	8-2 (11-4)
Dundee United (Skotlandi)-Hamrun Spartans (Möltu).....	3-0 (6-0)
Grasshoppers (Svíss)-Dynamo Minsk (Sovétríkjunum).....	2-2 (2-3)
Atletico Bilbao (Spáni)-Lech Poznan (Póllandi).....	4-0 (4-2)
Viking (Noregi)-Partizan (Júgóslavíu).....	0-0 (1-5)
Omonia Nicosia (Kýpur)-CSKA Sofia (Búlgaría).....	4-1 (4-4)
Dinamo Bukarest (Rúmeníu)-Kuusysi Lathi (Finnlandi).....	3-0 (4-0)
Jeunesse D'Esch (Luxemburg)-Dynamo Berlin (A.-Þýskal.).....	0-2 (1-6)
Linfield (N.-Írlandi)-Benfica (Portúgal).....	2-3 (2-6)
Nantes (Frakklandi)-Rapid Wien (Austurríki).....	3-1 (3-4)
Bohemians Prag (Tékkoslovakíu)-Fenerbache (Tyrklandi).....	4-0 (5-0)
Olympiakos Pireus (Grikklandi)-Ajax (Hollandi).....	2-0 (2-0)

Evrópumeistarar Hamburger SV frá V.-Þýskalandi sitja hjá í 1. umferð.

Evrópukeppni bikarhafa:

Aberdeen (Skotlandi)-Akranes.....	1-1 (3-2)
Barcelona (Spáni)-Magdeburg (A.-Þýskalandi).....	2-0 (7-1)
Dukla Prag (Tékkoslovakíu)-Manchester United (Englandi).....	2-2 (3-3)
Legia Gdansk (Póllandi)-Juventus (Italiu).....	2-3 (2-10)
Nendori Tirana (Albaníu)-Hammarby (Svíþjóð).....	2-1 (2-5)
Rangers (Skotlandi)-Floriana Valletta (Möltu).....	10-0 (18-0)
Shaktyor Donetsk (Sovétríkjunum)-B 1901 (Danmörku).....	4-2 (9-3)
Paris St. Germain (Frakklandi)-Gentoran (N.-Írlandi).....	2-1 (4-2)
Valeakosken Haka (Finnlandi)-Sligo Rovers (Írlandi).....	3-0 (4-0)
Avenir Beggen (Luxemburg)-Servette (Svíss).....	1-5 (1-9)
Ujpest Dozza (Ungverjalandi)-AEK Athens (Grikklandi).....	4-1 (4-3)
Brann (Noregi)-NEC Nijmegen (Hollandi).....	0-1 (1-2)
Spartak Varna (Búlgariu)-Mersin (Tyrklandi).....	1-0 (1-0)
Beveren (Belgiu)-Famagusta (Kýpur).....	3-1 (7-3)
Köln (V.-Þýskalandi)-Innsbruck (Austurríki).....	7-1 (7-2)
Porto (Portúgal)-Dinamo Zagreb (Júgóslavíu).....	1-0 (2-2)

UEFA-bikarinn:

Carl Zeiss Jena (A.-Þýskal.)-Vestmannaeyjar.....	3-0 (3-0)
Tottenham (Englandi)-Drogheda (Írlandi).....	8-0 (14-0)
Watford (Englandi)-Kaiserslautern (V.-Þýskal.).....	3-0 (4-3)
Aston Villa (Englandi)-Guimares (Portúgal).....	5-0 (5-1)
Vorwaerts (A.-Þýskalandi)-Nottingham Forest (Engl.).....	0-1 (0-3)
Feyenoord (Hollandi)-St. Mirren (Skotlandi).....	2-0 (3-0)
Bayern München (V.-Þýskal.)-Pezoporikos (Kýpur).....	10-0 (11-0)
Spartak Sofia (Búlgaría)-Stuttgart (V.-Þýskalandi).....	1-0 (2-1)
Aarhus (Danmörku)-Celtic (Skotlandi).....	1-4 (1-5)
Malmö FF (Svíþjóð)-Werder Bremen (V.-Þýskal.).....	1-2 (2-3)
Laval (Frakklandi)-Dynamo Kiev (Sovétríkjunum).....	1-0 (1-0)
Real Madrid (Spáni)-Sparta Prag (Tékkoslovakíu).....	1-1 (3-4)
Antwerpen (Belgiu)-Zürich (Svíss).....	4-2 (8-3)
Coleraine (N.-Írlandi)-Sparta Rotterdam (Hollandi).....	1-1 (1-5)
B 1903 (Danmörku)-Banik Ostrava (Tékkoslovakíu).....	1-1 (1-6)
Austria Wien (Austurríki)-Arix Bonnevoie (Luxemburg).....	10-0 (15-0)
Sporting Lissabon (Portúgal)-Sevilla (Spáni).....	3-2 (4-3)
Ferenvarcos (Ungverjalandi)-PSV Eindhoven (Hollandi).....	0-2 (2-6)
Groningen (Hollandi)-Atletico Madrid (Spáni).....	3-0 (4-2)
Honved (Ungverjalandi)-Larissa (Grikklandi).....	3-0 (3-2)
Elfsborg (Svíþjóð)-Widzew Lodz (Póllandi).....	2-2 (2-2)
HJK Helsinki (Finnlandi)-Spartak Moskva (Sovétríkjunum).....	0-5 (0-7)
Lens (Frakklandi)-Chent (Belgiu).....	2-1 (3-2)
Anderlecht (Belgiu)-Bryne (Noregi).....	1-1 (4-1)
Lokomotiv Leipzig (A.-Þýskal.)-Bordeaux (Frakklandi).....	4-0 (7-2)
St. Gallen (Svíss)-Radnicki Nis (Júgóslavíu).....	1-2 (1-5)
Sturm Graz (Austurríki)-Sportul Student (Búlgariu).....	0-0 (2-1)
Saloniki (Grikklandi)-Lokomotiv Plodiv (Búlgariu).....	3-1 (5-2)
Hadjuk Split (Júgóslavíu)-Universitata Craiova (Rúmeníu).....	1-0 (1-1)
Inter Milano (Italiu)-Trabzonspor (Tyrklandi).....	2-0 (2-1)
Inter Bratislava (Tékkoslovakíu)-Rabat Ajax (Möltu).....	6-0 (16-0)
Rauða Stjarnan (Júgóslavíu)-Verona (Italiu).....	2-3 (2-4)